

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 7. september 2017
UST201709-024/A.B.B.
10.05.01

Bókun um framkvæmd efnistöku í Dynjandisvogi. Umsögn

Vísað er til erindis Ísafjarðarbæjar til Umhverfisstofnunar, dags. 5. september sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um bókun skipulags- og mannvirkjanefndar bæjarins um efnistöku Framkvæmdasýslu ríkisins í Dynjandisvogi.

Náttúruvættið Dynjandi og aðrir fossar Dynjandisá í Arnarfirði ásamt umhverfi þeirra við Dynjandisvog voru friðlýst með auglýsingu nr. 348/1986.

Samkvæmt tölul. 2.02 í 1. viðauka við lög nr. 106/2002, um mat á umhverfisáhrifum, eru framkvæmdir sem fela í sér efnistöku á verndarsvæðum í B flokki, sem þýðir að framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun fyrirhugaða framkvæmd.

Í auglýsingunni um friðlýsinguna kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar séu háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Því þarf framkvæmdaraðili einnig að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir efnistöku sem fyrirhuguð er innan hins friðlýsta svæðis.



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun. Framkvæmdasýsla ríkisins